

# Starfsreglur Styrktarsjóðs Verkfræðingafélags Íslands

## (Áður Stéttarfélags verkfræðinga)

### 1. grein. Tilgangur sjóðsins.

Megin tilgangur sjóðsins er að greiða sjúkradagpeninga til sjóðfélaga sem eru í starfi en lenda tímabundið út af launaskrá eða verða fyrir launaskerðingu vegna veikinda eða slysa. Auk þess eru greiddir styrkir vegna útlagðs kostnaðar sjóðfélaga.

### 2. grein. Sjóðsaðild.

*Almennt:* Sjóðfélagar öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum eftir 6 mánaða iðgjaldagreiðslur í hann, þar af síðustu 3 mánuði samfelld áður en tekjutap varð eða til útgjalda var stofnað. Nýir sjóðfélagar sem koma úr Sjúkrasjóði VFÍ öðlast strax full réttindi í sjóðnum og það sama gildir um þá sem koma úr öðrum sjúkrasjóðum félaga sem veita fyrrverandi sjóðfélögum Styrktarsjóðs VFÍ sams konar réttindi.

*Í fæðingarorlofi:* Sjóðfélagar sem fara í fæðingarorlof og velja að greiða stéttarfélagsgjald meðan á því stendur halda fullum réttindum.

*Í atvinnuleysi:* Atvinnulausir halda fullum réttindum í eitt ár frá upphafi atvinnuleysis, svo fremi að greitt sé félagsgjald.

*Aðild í launalausuleyfi:* Réttur til úthlutunar fellur niður eftir þrjú mánuði í launalausuleyfi. Full réttindi skapast þegar viðkomandi hefur störf að nýju. Ekki eru greiddir sjúkradagpeningar vegna veikinda í launalausuleyfi.

*Í veikindum:* Sjóðfélagi sem hefur fullnýtt rétt sinn til dagpeninga nýtur áfram annarra réttinda í sjóðnum í allt að eitt ár stofni hann ekki til réttinda annars staðar.

*Aðild við starfslok:* Sjóðfélagar halda réttindum í eitt ár eftir að þeir láta af störfum og fara á lífeyri. Sjúkradagpeningar eru þó ekki greiddir lengur en í þrjú mánuði.

### 3. grein. Dagpeningar vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu.

Sjóðfélagar fá greiddar 8.000 kr. á dag í sjúkradagpeninga vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu miðað við fullt starf, þegar veikindarétti samkvæmt kjarasamningum sleppir. Dagpeningar að viðbættum örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum greiðslum sem rekja má til fjarverunnar geta aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur launaskerðingu sjóðfélaga.

*Veikindi eða slys sjóðfélaga:* Sjúkradagpeningar greiðast í allt að 360 daga. Greiddir eru 30 dagar í mánuði. Réttur til nýs dagpeningatímabils stofnast aftur þegar greitt hefur verið fyrir sjóðfélagi á 6 mánuði samfelld í sjóðinn eftir að síðasta dagpeningatímabili lauk.

*Veikindi maka eða barns sjóðfélaga:* Sjúkradagpeningar greiðast í allt að 180 daga til sjóðfélaga sem verða fyrir tekjuskerðingu sem er afleiðing alvarlegra langtímaveikinda

maka, sambúðarmaka eða barna, enda hafi veikindin staðið í a.m.k. einn mánuð. Greiðsla hefst eftir að veikindin hafa staðið í einn mánuð.

*Atvinnulausir:* Sjúkradagpeningar geta aldrei numið hærri upphæð en atvinnuleysisbætur sem fallið hafa niður.

*Fráfall nákominna:* Við fráfall maka, sambúðarmaka eða barns eru greiddir dagpeningar í allt að 14 daga, ef starfsmanni er ekki heimiluð fjarvera án skerðingar á launum.

*Annað:* Greiddir eru dagpeningar í allt að 45 daga vegna læknisrannsókna sem eru undanfari frekari aðgerða og taldar eru nauðsynlegar að mati læknis, s.s. líffæragjafar, glasa- og tæknifrjógunar og áfengis- og vímuefnameðferðar.

#### **4. grein. Andlát sjóðfélaga.**

*Útfararstyrkur:* Sjóðurinn greiðir útfararstyrki 250.000 kr vegna andláts sjóðfélaga og barna þeirra 18 ára og yngri. Enn fremur greiðir sjóðurinn útfararstyrki 150.000 kr. vegna andláts fyrrverandi sjóðfélaga allt að tveimur árum eftir að þeir hafa hætt störfum vegna aldurs eða örorku. Útfararstyrkur greiðist til þess aðila sem annast útförina.

#### **5. grein Meðferðarstyrkir.**

Endurgreitt er samtals fyrir liði a og b að hámarki 50.000 kr á tveggja ára tímabili. Greiddir verða eftirfarandi liðir:

a) Sjóðfélagar fá styrk vegna meðferðar hjá eftirtöldum meðferðaraðilum: Hnykkjara (kíropraktor), iðjuþjálfara, nuddara, sjúkráþjálfara, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi eða sambærilegum aðilum.

Styrkur til sjóðfélaga í minna en hálfu starfi nemur helmingi framangreindrar fjárhæðar.

b) Sjóðfélagar fá styrk til að greiða fyrir námskeið til að hætta að reykja.

Ath. Önnur námskeið eru almennt ekki styrkt.

#### **6. grein. Styrkir vegna fyrirbyggjandi skoðana.**

Kostnaður vegna reglubundinnar krabbameinsleitar greiðist að fullu. Ef sjóðfélagi þarf að fara í framhaldsskoðun vegna krabbameinsrannsókna greiðir sjóðurinn þá skoðun, þó að hámarki kr. 10.000. Ennfremur er greitt v/krabbameinsskoðunar í ristli að hámarki kr. 10.000. Sama gildir um skoðun á blöðruhálskirtli.

Sjóðurinn greiðir áhættumatsskoðun hjá Hjartavernd eða sambærilegum aðila, að hámarki kr. 10.000.

#### **7. grein. Aðrir styrkir.**

*Heyrnatæki:* Greiddur er styrkur til kaupa á heyrnatækjum, allt að 30% af upphæð reiknings að frádregnum styrk Tryggingastofnunar, þó að hámarki kr. 100.000. Styrkur er veittur á þriggja ára fresti.

*Gleraugu og linsur:* Sjóðfélagar fá styrk vegna kaupa á gleraugum að hámarki kr. 30.000 á þriggja ára tímabili. Nýta má styrkréttinn til linsukaupa í stað gleraugna.

*Laseraðgerðir:* Greiddur er styrkur að fjárhæð kr. 75.000 vegna „laser“ aðgerða á öðru auga eða kr. 150.000 á báðum augum á ævi sjóðfélaga.

*Tækni- og glasafrjóvgun, ættleiðing:* Sjóðurinn endurgreiðir hluta kostnaðar vegna tækni- og glasafrjóvgana, eða ættleiðinga, þó ekki meira en 50% af kostnaði í hvert skipti og að hámarki kr. 300.000 samanlagt á ævi sjóðfélaga.

*Líkamsræktarstyrkur:* Veittur er líkamsræktarstyrkur að hámarki kr. 25.000 á hverju almanaksári. Einungis er greitt fyrir líkamsrækt sem sjóðfélagi einn getur nýtt sér.

*Tannviðgerðir:* Greidd er 30% af útlögðum tannlæknakostnaði sjóðfélaga ef árlegur kostnaður er hærri en kr. 30.000. Styrkir vegna tannviðgerða geta að hámarki orðið kr. 300.000 á ævi sjóðfélaga.

*Dvöl á heilsustofnun:* Kostnaður vegna dvalar á heilsustofnun er greiddur allt að kr. 30.000 árlega, þó ekki meira en 50% af kostnaði sjóðfélaga

*Ferðastyrkur:* Hægt er að sækja um ferðastyrk í lækningaskyni vegna alvarlegra veikinda sjóðfélaga, maka hans eða barna. Skilyrt er að almannatryggingar taki ekki þátt í kostnaði.

*Hjálp vegna starfstengdra áfalla eða óvæntra starfsloka:* Sjóðurinn styrkir meðferð, allt að átta skipti hjá fagmanni til að vinna úr áfalli í starfi eða í kjölfar óvæntra starfsloka skv. beiðni trúnaðarmanns/stéttarfélags.

*Heilbrigðiskostnaður:* Að jafnaði er ekki greitt vegna lyfjakostnaðar eða annars heilbrigðiskostnaðar sem gildir upp í afsláttarkort hjá TR. Við sérstakar aðstæður, s.s. óvænt mikil útgjöld og/eða fjárhagslega erfiðleika af þessum sökum, er þó hægt að sækja um styrk til sjóðsstjórnar. Að jafnaði er ekki greitt vegna lægri fjárhæðar en kr. 100.000. Ekki er greiddur kostnaður vegna fegrunaraðgerða.

*Fæðingarstyrkur:* Báðir foreldrar eiga rétt séu þeir aðilar að sjóðnum og uppfylla skilyrði um sjóðsaðild.

a) Börn fædd 2010 og síðar - Sækja þarf um innan árs frá fæðingu barns. Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris gegn framvísun fæðingarvottorðs og afriti af nýjum launaseðli (með réttu starfshlutfalli). Styrkurinn miðast við starfshlutfall foreldris og nemur hámarksstyrkur kr. 200.000 vegna hvers barns. Við fjölbura fæðingu hækkar styrkur um kr. 200.000 fyrir hvert barn.

Börn fædd 2009 - Sækja þarf um styrkinn fyrir 18 mánaða aldur barns/barna. Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris gegn framvísun fæðingarvottorðs og afrita af nýjum launaseðli (með réttu starfshlutfalli).

Styrkurinn er kr. 170.000 til foreldris vegna hvers barns í hlutfalli við starfshlutfall.

Börn fædd 2008 - Sækja þarf um styrkinn innan 18 mánaða aldur barns/barna.

Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris eftir 3ja mánaða fæðingarorlof: Greiðsluáætlun frá Fæðingarorlofssjóði og vottorði launagreiðanda um ráðningarkjör þurfa að fylgja ásamt umsókn. Styrkurinn er kr. 170.000 til foreldris vegna hvers barns í hlutfalli við starfshlutfall.

b) Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu er greiddur út hálfur fæðingarstyrkur.

### **8. grein. Umsóknir og gögn.**

Sá sem óskar eftir greiðslu úr sjóðnum og uppfyllir skilyrði starfsreglna þessara skal leggja fram skriflega umsókn. Rafrænt umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu VFÍ. Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn eftir því sem við á: Vegna umsóknar um sjúkradagpeninga, skv. 3. gr., skal fylgja læknisvottorð er tilgreini þann dag er slys eða veikindi bar að höndum og hvenær viðkomandi varð/verður aftur starfshæfur. Einnig skal fylgja staðfesting launagreiðanda um síðasta greiðsludag launa eða hvenær launaskerðing hófst. Við langvarandi veikindi þarf að skila nýju læknisvottorði á að jafnaði tveggja mánaða fresti. Vegna umsóknar um útfararstyrk skv. 4. gr. skal fylgja útskrift úr dánarskrá viðkomandi sýslumannsembættis.

Umsókn um endurgreiðslu kostnaðar skv. 5., 6. og 7. gr. skulu fylgja sundurliðaðir reikningar sem sannanlega eru greiddir, með nafni umsækjanda. Á reikningnum þarf að vera áritun/stimpill/merki þess sem gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang og símanúmer. Fjöldi skipta og dagsetningar meðferða eða kaupa á vöru eða þjónustu skal koma fram á reikningnum. Greiðslukvittaða reikninga má senda rafrænt með umsókn. Sjóðstjórn áskilur sér þó rétt til að kalla eftir frumritum ef þurfa þykir. Sjóðstjórn getur jafnan farið fram á að lögð verði fram nánari gögn til stuðnings umsókn. Kostnaður vegna læknisvottorða skv. 8.gr. verður endurgreiddur gegn framvísun frumrits kvittunar. Að öllu jöfnu verða umsóknir afgreiddar einu sinni í mánuði.

Upphæð styrks: Ekki eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum. Staðgreiðsla skatta er tekin af styrkfjárhæðum.

Fyrning umsókna: Réttur til greiðslna úr sjóðnum fyrnist sé ekki sótt um þær innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað eða tekjutap varð. Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar fyrnist ef hennar hefur ekki verið vitjað innan 6 mánaða frá því að tilkynning um úthlutunarrétt var send til viðkomandi.

### **9. grein. Endurskoðun Starfsreglna, kynning.**

Starfsreglur Styrktarsjóðs Verkfræðingafélags Íslands skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Starfsreglur Styrktarsjóðs VFÍ og allar breytingar á þeim skulu birtar opinberlega og kynntar sérstaklega.

Samþykkt á 1122. stjórnarfundi Stéttarfélags verkfræðinga 5. okt. 2004

Samþykkt á 1177. stjórnarfundi Stéttarfélags verkfræðinga 26. júní 2007

Samþykkt á 1227. stjórnarfundi Stéttarfélags verkfræðinga 26. apríl 2010